



## Lokaverkefni til BA-prófs

í íslensku

### Breytingar á beygingu orða af *ijō*-stofni

Um innleiðingu endingarinnar *-r* í nefnifalli eintölu *ijō*-stofna

Sólveig María Sigurbjörnsdóttir

Leiðbeinandi: Jón Axel Harðarson  
Janúar 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HUGVÍSINDASVIÐ

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Íslenska**

# **Breytingar á beygingu orða af *ijō*-stofni**

*Um innleiðingu endingarinnar -r í nefnifalli eintölu ijō-stofna*

**Ritgerð til BA-prófs í íslensku**

**Sólveig María Sigurbjörnsdóttir**

**Kt.: 221185-2269**

**Leiðbeinandi: Jón Axel Harðarson**

**Janúar 2020**



## Ágrip

Ritgerð þessi er lögð fram til BA-prófs í íslensku við Háskóla Íslands. Umfjöllunarefni hennar er breytingar sem orðið hafa á beygingu orða af *ijō*-stofni, einum undirflokkna *ō*-stofna, frá frumgermönsku til nútímaíslensku. Hér er um að ræða orð eins og *heiði*, *ermi* og *festi*, sem í forníslensku höfðu beygingarendinguna *-r* í nefnifalli eintölu, þá *heiðr*, *ermr* og *festr*. Ólíkt öðrum sérhljóðastofnum, sem höfðu hljóðrétt fengið endinguna *-r* út frá frumnorænu *-R* (sbr. *armr*, *gestr* < *\*armaR*, *\*gastiR*) í nefnifalli eintölu í forníslensku, er *r*-ending *ijō*-stofna ekki til komin með hljóðréttum hætti heldur virðist hafa átt sér stað áhrifsbreyting til samræmis við aðra kvenkennda stofna, nánar til tekið *i*-stofna. Sennilegt þykir að endingin *-R* (> *-r*) hafi til að byrja með verið tekin upp í kvennanöfnum með viðlið eins og *-hildir* og *-gerðr* og hún hafi komið frá kvennanöfnum sem höfðu *i*-stofn sem viðlið (t.d. *-dís(s)* og *-gunnr*). Þá er líklegt að breytingin hafi komið til vegna merkingarlegra þátta frekar en beygingarlegra. Síðar hafi samheiti getað tekið upp *-r* í nefnifalli eintölu.

Í íslensku þróuðust *ijō*-stofnar áfram þegar endingin *-r* varð *-ur* (vegna *u*-innskots), sem síðar vék fyrir *-i*. Síðarnefnda breytingin er talin stafa af útjöfnun í beygingardæmum *ijō*-stofna þar sem nefnifall tekur upp mynd þolfalls og þágufalls. Einnig kemur til greina að veikir kvenkynsstofnar (*īn*-stofnar) hafi haft áhrif hér.

Markmið ritgerðarinnar er að gera grein fyrir breytingum á endingu nefnifalls eintölu *ijō*-stofna með áherslu á innleiðingu endingarinnar *-R* (> *-r*), þ.e. hvenær og hvernig hún kom fram. Í upphafi verður stuttlega fjallað um germönsku málaættina, áhrifsbreytingar og nafnorðastofna. Þá verða gefin beygingardæmi forngermanskra og norrænna mála og þau borin saman og undir lokin verður gerð grein fyrir áhrifsbreytingum *ijō*-stofna, hvaðan áhrifin eru talin hafa komið og með hvaða hætti.

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	I
Efnisyfirlit.....	II
Skammstafanir og tákn.....	III
1 Inngangur.....	1
2 Ættfræði.....	2
2.1 Norræn mál og gotneska.....	2
3 Áhrifsbreytingar.....	5
4 Nafnorðastofnar og einkenni þeirra .....	7
4.1 Þróun stofnendinga.....	8
4.2 Einkenni <i>ijō</i> -stofna .....	8
4.3 Einkenni <i>i</i> -stofna .....	10
5 Samanburður beygingardæma .....	12
5.1 Beygingardæmi <i>ijō</i> -stofna í helstu forngermönsku málunum .....	12
5.2 Þróun beygingar í norrænu málunum.....	14
5.3 Endingin <i>*-z &gt; -R &gt; -r</i> og heimkynni hennar.....	15
6 Breytingar á beygingu <i>ijō</i> -stofna .....	17
6.1 Áhrif frá <i>i</i> -stofnum .....	17
6.2 Endingin <i>-i</i> kemur í stað <i>-r</i> .....	20
6.3 Áhrif frá <i>īn</i> -stofnum .....	21
6.4 Sérnöfn og samnöfn.....	21
7 Tímasetning og upptök breytinga .....	23
8 Lokaorð .....	25
Heimildaskrá.....	27

## Skammstafanir og tákn

- \* endurgerð orðmynd
- > orðmyndin vinstra megin verður að orðmyndinni hægra megin
- < orðmyndin vinstra megin er orðin til úr orðmyndinni hægra megin
- orðmyndin hægra megin verður til við áhrifsbreytingu
- fe. fornenska
- fhþ. fornháþýska
- find. frumindóevrópska
- físl. forníslenska
- frg. frumgermanska
- frn. frumnorræna
- fsæ. fornsænska
- gotn. gotneska
- nísl. nútímaíslenska
- norr. norræna
- þý. þýska

## 1 Inngangur


Þegar fjallað er um forn málið er venjan að flokka nafnorð eftir þeim stofnum sem þau tilheyrðu. Einn slíkra stofna er svokallaður *ijō*-stofn og honum tilheyrja meðal annarra orðin *heiði*, *ermi*, *mýri* og *festi*. Í forníslensku höfðu orð af *ijō*-stofni aðra beygingu en í nútímamáli, það er endinguna *-r* í nefnifalli eintölu, og voru því *heiðr*, *ermr*, *mýrr* og *festr* (Iversen, 1973, bls. 56). Endingin *-r* er þó ekki upprunaleg nefnifallsending *ijō*-stofna heldur virðist hún hafa komið inn fyrir áhrif frá *i*-stofnum (Halldór Halldórsson, 1950, bls. 94) og það sést þegar þróun *ijō*-stofna er skoðuð lengra aftur í tímann, allt til frumgermönsku. Slíkt hið sama átti sér ekki stað í hinum dótturmálum frumgermönsku eins og sést í gotnesku, fornensku og fornháþýsku orðuðum *háipi*, *hæp* og *heida* (Wright, 1910, bls. 326).

Nefnifall *ijō*-stofna þróaðist áfram í íslensku þegar endingin *-r* varð *-ur* (með innskots-*u*) og vék síðar fyrir *-i*. Sú breyting hefur verið rakin til þolfalls og þágufalls (Björn K. Þórólfsson, 1925, bls. 17), það er til útjöfnunar í beygingardæmum *ijō*-stofna, og virðist hún hafa verið gengin yfir í lok 16. aldar ef miðað er við rithátt Guðbrandsbiblíu (Bandle, 1956, bls. 225). Þá kemur til greina að skoða fleiri mögulegar ástæður, sem gætu hafa átt þátt í breytingunni *-r* → *-i*, til að mynda þá að áhrifsbreyting hafi þarna verkað út frá veikum kvenkynsstofnum (*īn*-stofnar) (Bandle, 1956, bls. 224).

Í þessari ritgerð verður leitast við að gera grein fyrir þróun beygingar orða af *ijō*-stofni frá frumgermönsku til nútímaíslensku. Þá er markmiðið fyrst og fremst að skoða þróun beygingarendinga í nefnifalli eintölu, það er nefnifallsendinguna *-r* og hvernig og hvenær hún birtist. Það verður meðal annars gert með því að bera norrænu saman við önnur dótturmál frumgermönsku. Í upphafi ritgerðarinnar verður gefið stutt yfirlit um málakvísir frumgermönsku og áhrifsbreytingar verða útskýrðar. Því næst verður sjónum beint að nafnorðastofnum og einkennum þeirra. Þá verður litið á beygingardæmi nokkurra forngermanskra mála og í framhaldinu verða vestur- og austurnorræna bornar saman. Í örfáum orðum verður fjallað um þróun *-r* endingar annarra stofna en *ō*-stofna og að því búnu farið yfir mögulegar orsakir fyrrnefndra beygingarbreytinga. Að endingu verður rýnt í það hvenær innleiðing endingarinnar *-R* (> *-r*) í nefnifalli eintölu *ijō*-stofna gæti hafa átt sér stað og í hvers kyns orðum hún gæti hafa átt upptök sín.

## 2 Ættfræði

Íslensk tunga tilheyrir germönsku málaættinni, einni af ellefu kvíslum indóevrópsku málaættarinnar. Germanska ættin á sér frumtunguna frumgermönsku, sem er talin hafa spannað um eitt þúsund ár áður en hún greindist í vestur-, austur- og norðurkvísl, sennilega í kringum Krists burð eða nokkru fyrr. Íslenska kemur frá þeirri síðastnefndu. Norðurgermönsku málin, öðru nafni norrænu málin, eiga sér frumtunguna frumnorrænu, sem líklega var töluð frá upphafi okkar tímatafs til um 800, eða þar til hún tók að greinast í vestur- og austurnorræn mál á víkingaöld. Austurgermönsk mál eru nú útdauð og af kvíslunum þremur hafa minnstar heimildir varðveist um þau. Gotneska er eitt tungumála austurgermönsku, en hún hefur skilið eftir sig beinar málheimildir og ber þá helst að nefna gotneskar biblíuþýðingar frá 4. öld (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 362-365, Guðrún Þórhallsdóttir, 1996, bls. 21-25). Á mynd 1 má til glöggvunar sjá hvernig germanska málaættin kvíslast.



Mynd 1. Skipting frumgermönsku í dótturmál (sbr. Guðrún Kvaran, 2005, bls. 364-365).

### 2.1 Norræn mál og gotneska

Austur- og norðurgermönsk mál eru stundum flokkuð saman en þau austurgermönsku eru af sumum talin skyldari þeim norðurgermönsku en vesturgermönsku vegna uppruna austurgermanskra þjóða eins og Gota (Hreinn Benediktsson, 1964, bls. 22-23). Ýmsar málbreytingar sem eru sameiginlegar austur- og norðurgermönsku hafa verið lagðar fram því



til stuðnings (Robinson, 1992, bls. 250-255, Fulk, 2018, bls. 14-15). Hér verða talin upp nokkur atriði sem eru sameiginleg gotnesku og norrænu en koma ólíkt fram í vesturgermönsku:

- 1) Ein helsta vísbendingin um þennan nána skyldleika er þróun germönsku löngu hálfserhljóðanna *-ji-* (*-jj-*) og *-uu-* (*-ww-*) (Robinson, 1992, bls. 253), en hið fyrrnefnda varð að *-ddj-* (gotn.) eða *-ggj-* (norr.) og hið síðarnefnda að *-ggw-* (gotn. og norr.). Dæmi um þessa þróun eru frg. *\*twaijō̃n* > gotn. *twaddje*, físl. *tveggja*, fsæ. *twäggia*, en fhþ. *zweiio*, og frg. *\*hauuana<sup>n</sup>* > gotn. *haggwan*, físl. *hoggva*, fsæ. *hugga*, hins vegar þý. *hauen* (Wessén, 1994, bls. 10). Stjarnan gefur til kynna endurgerða mynd orða.
- 2) Í framsöguhætti þátíðar sterkra sagna hafði önnur persóna eintölu endinguna *-t* í gotnesku og norrænu, samanber *gaft* og *namt* í hvoru tveggja málinu (af sögnunum *giban* og *niman* í gotnesku og *gefa* og *nema* í norrænu) (Wessén, 1994, bls. 10). Hins vegar höfðu vesturgermönsk mál þátíðarendinguna *-i* (Fulk, 2018, bls. 13).
- 3) Inkóatífar sagnir (breytingarsagnir eins og *harðna* og *sofna*) komu fyrir í gotnesku og norrænu, til dæmis gotn. *fullnan* („verða fullur“) og físl. *stirðna*. Þær koma hins vegar ekki fyrir í vesturgermönskum málum (Fulk, 2018, bls. 14).
- 4) Gotneska og norræna halda í *-w-* í klasanum *-ngw-* (í gotnesku ritað *-ggw-*) í sögnum á borð við gotn. *siggwan*, físl. *syngva*, en það hverfur í vesturgermönsku, samanber fe. og fhþ. *singan* (Fulk, 2018, bls. 13-14, Robinson, 1992, bls. 250-251).
- 5) Í nefnifalli eintölu *a-*, *i-* og *u-*stofna varð frg. *-z* að *-s* í gotnesku og *-R* (> *-r*) í norrænu, en hvarf með öllu í vesturgermönskum málum, sbr. gotn. *wulfs*, físl. *úlfr*, fhþ. *wolf*, fe. *wulf*. (Krause, 1968, bls. 42-46).

Þrátt fyrir að gotneska og norræna eigi margt sameiginlegt eru sömuleiðis ýmsir ólíkir þættir þeirra á milli. Þá eiga norræna og vesturgermanska ýmsa þætti sameiginlega hvor með annarri, sem ekki finnast í gotnesku. Ekki hafa allir verið á einu máli um það hvernig flokka skuli kvíslir frumgermönsku og hafa mismunandi kenningar um það komið fram. Hefðbundna kenningin er sú að skiptingin hafi verið eins og mynd 1 sýnir. Á meðal annarra kenninga er kenning Schwarz, sem gerir ráð fyrir skiptingu í norður- og suðurgermönsku þar sem norræna og gotneska mynda saman norðurgrein og vesturgermönsku málin koma fram sem suðurgrein. Einnig hefur komið fram kenning kennd við Hans Kuhn og er hún gagnstæð þeirri fyrri, en hún gerir ráð fyrir sameiginlegri norðvesturgrein á móti austurgrein. Hægt er að tína til fjölda atriða sem styðja mismunandi kenningar, atriði sem hafa ýmist þróast eins eða ólíkt á milli dótturmála frumgermönsku (Robinson, 1992, bls. 247-254), en í þessari ritgerð verður stuðst við

hefðbundnu skiptinguna þegar kemur að umfjöllun og samanburði á milli forníslensku og annarra germanskra mála. Þar sem gotneska hefur í fjölda dæma varðveitt ýmis atriði sem hafa tapast í öðrum málum (Robinson, 1992, bls. 29), meðal annars beygingarendingar (sjá kafla 4.2), er hún það mál sem helst verður notað til samanburðar í kafla 6.1.

### 3 Áhrifsbreytingar

Áður en mögulegar ástæður beygingarbreytinga hjá *ijō*-stofnum verða raktar skal hér útskýrð sú tegund breytinga, sem helst mun koma við sögu, og er hér átt við áhrifsbreytingar (e. *analogic change*), einnig kallaðar analógía. Áhrifsbreytingar má skilgreina sem breytingar sem geta orðið til þess að óregla í málinu minnkar eða frávikum fækkar, og á það til dæmis við um beygingarbreytingar. Við slíka breytingu verður til regla sem getur náð yfirhöndinni, það er tekið yfir þá reglu sem fyrir var, og orðið að almennri reglu fyrir tiltekna orðmynd eða beygingardæmi. Þannig mætti segja að áhrifsbreytingar vísi til þeirrar tilhneigingar tungumála að gera reglur almennar og á sú tilhneiging stóran þátt í þeim breytingum sem verða á tungumálum (Fromkin, 2014, bls. 383, 389). Þegar áhrifsbreyting á sér stað er um það að ræða að ein orðmynd verður líkari annarri sem hún hefur á einhvern hátt verið tengd við (Arlotto, 1972, bls. 130). Þannig getur orð, sem á einhvern þátt sameiginlegan með öðru orði, breytt beygingarmynstri sínu í takt við beygingarmynstur hins orðsins og þar með eru orðmyndirnar orðnar líkari hvor annarri (Campbell, 2012, bls. 89-90).

Áhrifsbreytingum má skipta í áhrifsjöfnun, áhrifsútvíkkun og blöndun. Þegar um áhrifsjöfnun er að ræða vikur eitt myndbrigði, eða beygingarmynd orðs, fyrir öðru. Sem dæmi úr íslenskri málsögu má nefna orðið *lykill*, sem í fornmálinu hafði myndina *lukli* í þágufalli eintölu og *luklar* í nefnifalli fleirtölu. Að því kom að stofnbrigðið *lykl-* breiddist út um allt beygingardæmið og leiddi það til að gömlu myndirnar *lukli* og *luklar* viku fyrir nýju myndunum *lykli* og *lyklar* (Kristján Árnason, 2005, bls. 322). Á þennan hátt gerir áhrifsjöfnun beygingarmynstur einfaldara og ryður burt óreglu sem áður var til staðar (Campbell, 2012, bls. 92), til dæmis með því að útrýma myndbrigðum eins og hljóðavíxlunum *y : u*. Áhrifsjöfnun verkar þó sennilega aldrei ein og sér heldur er þar einnig um áhrifsútvíkkun að ræða (Jón Axel Harðarson, 2019).

Áhrifsútvíkkun er það þegar breyting verður vegna áhrifa eins beygingardæmis á annað. Þetta leiðir yfirleitt til þess að orðmyndir eða beygingardæmi verða „reglulegri“, þ.e. minna mörkuð; þannig geta stofnbrigðavíxl í beygingu orða horfið vegna áhrifa frá orðum sem hafa engin slík víxl (Campbell, 2012, bls. 94). Mun sjaldgæfara er að mynstur verði flóknara en það var fyrir við það að myndbrigðavíxl komi upp í beygingardæmum sem áður voru án þeirra. Þetta á til dæmis við um sögnina *kvíða*, sem í fornmáli var veik og hafði ekki víxlin *kvíða* – *\*kveið* – *\*kviðum*. Sterka þátíðin sýnir því ný víxl eftir breytingu (Guðrún Þórhallsdóttir, 2018).

Blöndun verður til við aðstæður þar sem orð, sem hafa skylda merkingu, koma fyrir í sams konar málumhverfi eða eru nefnd hvert á eftir öðru (í röð eða sem par). Orðið sem veldur

áhrifsbreytingunni stendur þannig við hlið orðsins sem verður fyrir henni. Þetta á til dæmis við um orðarunur eins og dagaheiti (Campbell, 2012, bls. 97), samanber það að *mánadagur*, *þriðjudagur* og *fimmtidagur* fengu *-u-* frá *sunnudagur*, *miðvikudagur* og *föstudagur* og urðu við það *mánudagur*, *þriðjudagur*, *fimmtudagur* (Jón Axel Harðarson, 2019).

Breytingar sem verða við það að eitt beygingardæmi hefur áhrif á annað eru oft kallaðar hlutfallsbundnar áhrifsbreytingar (e. *proportional analogical change*) og má lýsa þeim með hlutfallsjöfnu. Slíka jöfnu má setja upp sem  $a : b = c : x$ , það er  $a$  gagnvart  $b$  er það sama og  $c$  gagnvart  $x$ , þar sem  $x$  er sá þáttur sem verður fyrir breytingu til samræmis við  $a$  gagnvart  $b$  (Campbell, 2012, bls. 90-91). Sem dæmi má taka þá breytingu sem varð á þolfalli fleirtölu *u-*stofna, sem áður höfðu þar endinguna *-u*, en fengu *i-*stofna endinguna *-i*, sbr. nf. ft. *vellir*, þf. ft. *völlu* → *velli* til samræmis við *gestir*, *gesti* (Jón Axel Harðarson, 2019). Hægt er að setja breytinguna upp í hlutfallsjöfnu sem þessa:

$$\begin{array}{lcl} \text{nf. ft. } *gestir* & : & \text{þf. ft. } *gesti* \\ \text{nf. ft. } *vellir* & : & \text{þf. ft. } X; \quad X = *velli* \end{array}$$

#### 4 Nafnorðastofnar og einkenni þeirra

Nafnorð af frumgermönskum uppruna falla í mismunandi flokka sem kallast stofnar og fer flokkunin eftir því hvaða stofnendingu orðin eru talin hafa haft í þessum frumtungum (Halldór Halldórsson, 1950, bls. 83). Rannsóknir innan samanburðarmálfræði hafa gert málfræðingum kleift að sýna fram á hverjar stofnendingarnar voru með því að bera frumnorrænu saman við önnur mál innan indóevrópsku og germönsku kvíslanna (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 397).

Meginstofnar nafnorða eru tveir, annars vegar sérhljóðastofnar með sterka beygingu og hins vegar samhljóðastofnar með ýmist veika eða sterka beygingu. Hvor flokkur um sig skiptist í undirstofna sem geta svo skipst enn frekar í afmarkaðri stofna. Til sérhljóðastofna teljast *a-*, *ō-*, *i-* og *u-*stofnar og til samhljóðastofna teljast *n-*stofnar (*an-*, *ōn-* og *īn-*stofnar), sem hafa veika beygingu, rótarstofnar, *r-*stofnar og fleiri sem hafa sterka beygingu. Einn undirstofna *ō-*stofna eru *ijō-*stofnar (Iversen, 1973, bls. 44-67), sem hafa þá viðskeytið *-ijō-* í stað *-ō-*, og verða þeir hér í brennidepli þar sem markmiðið er að gera grein fyrir breytingum sem hafa orðið á beygingu þeirra.

Nöfn stofnanna eiga rætur að rekja til frumindóevrópsku þar sem hvert nafnorð var samsett úr stofni og beygingarendingu (Fulk, 2018, bls. 141). Það hljóð sem stofninn endaði á skipaði orðunum í flokk sérhljóðastofna ef stofnendingin var sérhljóð og flokk samhljóðastofna ef hún var samhljóð (Wright, 1910, bls. 84). Nöfnin eru þannig dregin af stofnendingu orðanna. Í frumnorrænu höfðu *a-*stofnar endinguna *\*-aR* í nefnifalli eintölu þar sem *-a-* er stofnending og *-R* beygingarending, sbr. *\*armaR* > norr. *armr*, *i-*stofnar höfðu endinguna *-iR*, sbr. *\*gastiR* > norr. *gestr*, og *ō-*stofnar höfðu endinguna *-ō*, sbr. frg. *\*rūnō* > frn. *\*rūnu* > norr. *rún* (Iversen, 1973, bls. 7, 44).

Í tilviki *ō-*stofna var í frumnorrænu hins vegar ekki jafnaðvelt að greina út frá nefnifalli eintölu um hvers konar stofn væri að ræða. Kemur það til af því að frumgermanska sérhljóðið *ō* breyttist í *u* í frumnorrænu, ef það stóð í algjörri bakstöðu. Í frumgermönsku enduðu *ō-*stofnar (aðrir en *ijō-*stofnar) á *-ō* í nefnifalli eintölu, þ.e. á stofnviðskeytinu án beygingarendingar. Vegna áðurnefndrar hljóðbreytingar varð þetta *-ō* að *-u* í frumnorrænu. Þannig breyttist nefnifallsmynd eins og frg. *\*sakō* í frn. *\*saku*, sem við *u*-hljóðvarp gaf myndina *sok* í fornorrænu (sbr. ísl. *sök*). Hins vegar var mynd eignarfalls eintölu *\*sakōz* í frumgermönsku og *\*sakōR* í frumnorrænu (sbr. ísl. *sakar*) (Guðrún Þórhallsdóttir, 2007, bls. 335).

#### 4.1 Þróun stofnendinga

Í síðfrum norrænu, eða um það bil á árunum 600-800, átti sér stað sú breyting að brottfall varð á öllum stuttum ónefkveðnum sérhljóðum sem stóðu í áhersluleysi í síðasta atkvæði. Þessi breyting hefur verið nefnd „stóra brottfall“, en hún náði einnig til langra sérhljóða sem þá styttust (Halldór Halldórsson, 1950, bls. 55, Kristján Árnason, 2005, bls. 317). Sams konar brottföll hófust þó fyrr, eða á frumgermönsku stigi, og áttu sér stað í öllum germönsku kvíslunum (Fulk, 2018, bls. 79-80). Það átti einnig við um sérhljóð stofnendinga að þau féllu brott og því teljast þau ekki til einkenna nafnorða í nútímaíslensku. Önnur einkenni geta þó gefið vísbendingar um það hvaða stofnum nafnorð tilheyrðu, en það eru til að mynda beygingarendingar eins og þær þekkjast í nútímaíslensku (Halldór Halldórsson, 1950, bls. 83).

Áður en stofnendingarnar féllu brott ollu þær ýmist hljóðvarpi eða klofningu á undanfarandi sérhljóði hafi skilyrði til þess verið til staðar. Þannig olli *-i-* í frn. *\*gastiR* hljóðvarpi á *-a-* sem varð að *-e-* í norr. *gestr* (*i*-hljóðvarp) og *-e-* klofnaði í *-jǫ-* í *ǫ*-stofna orðinu *gjǫf* < frn. *\*gebu* < frg. *\*gebō* (*u*-klofning) (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 400, 402). Sumar fallendingar í frum norrænu höfðu þó tekið nokkrum breytingum áður en þær féllu brott og var þróunin hjá *ǫ*-stofnum á þá leið að frg. *\*ō* breyttist í *u* í algjörri bakstöðu, eins og áður greinir, en annars staðar hélst það sem *\*ō* enn um sinn. Við stóra brottfall féll svo *u* brott, en gat skilið eftir sig ummerki á undanfarandi sérhljóði, annaðhvort í formi hljóðvarps eða klofningar. Þetta sést til dæmis í frn. *\*manu* > norr. *mǫn* (*u*-hljóðvarp) og frn. *\*felu* > norr. *ffǫl* (*u*-klofning). Þar sem *\*ō* hafði haldist breyttist það síðar í *a* á undan *R* (> *r*) í eignarfalli eintölu og nefnifalli og þolfalli fleirtölu, en í *u* í þágufalli fleirtölu. Sérhljóðið *a* gat, rétt eins og *u*, valdið klofningu á undanfarandi sérhljóði, til dæmis frn. *\*felōR* > norr. *ffalar* (ef. et. og nf./þf. ft.) (Iversen, 1973, bls. 52).

#### 4.2 Einkenni *ijō*-stofna

Þrátt fyrir að stofnendingar hafi fallið brott eða breyst með öðrum hætti eru enn til staðar þættir sem einkenna nafnorðastofna og geta nýst við greiningu þeirra. Flokkur *ǫ*-stofna einkennist af því að í honum eru eingöngu kvenkynsorð og hafa þau beygingarendinguna *-ar* í eignarfalli eintölu sem og í nefnifalli og þolfalli fleirtölu. Sem dæmi má nefna orðin *taug* (nf. et.), *taugar* (ef. et., nf./þf. ft.) og *fylking* (nf. et.), *fylkingar* (ef. et., nf./þf. ft.) (Halldór Halldórsson, 1950, bls. 90-91). Mörg orð af hreinum *ǫ*-stofni höfðu þó á norrænum tíma hliðarmynd sem endaði á *-ir* í nefnifalli og þolfalli fleirtölu, til dæmis *gjǫf* (nf. et.), *gjǫfar/gjǫfir* (nf./þf. ft.) og *leið* (nf.

et.), *leiðar/leiðir* (nf./þf. ft.) (Iversen, 1973, bls. 53), en slík orð höfðu mörg hver tekið ýmist *u*-hljóðvarpi eða *u*-klofningu líkt og *gjöf* gerði (Halldór Halldórsson, 1950, bls. 91).

Annað einkenni í fari *ijō*-stofna er að þeir hafa svokallað langt rótaratkvæði (Guðrún Þórhallsdóttir, 1997, bls. 43), en meðal skilyrða fyrir löngu rótaratkvæði er að það innihaldi langt sérhljóð eða tvíhljóð og að minnsta kosti eitt samhljóð eða hafi tvö (eða fleiri) samhljóð á eftir stuttu sérhljóði (Halldór Halldórsson, 1950, bls. 28). Dæmi um hið fyrra er til dæmis frn. *\*aur-ijō-* > físl. *eyrr* (nísl. *eyri*). Hið seinna á við í frn. *\*arm-ijō-* eða *\*marh-ijō* sem verða að físl. *ermr*, *merr* (nísl. *ermi*, *meri*), og þá hefur viðskeytið valdið *i*-hljóðvarpi þar sem skilyrði þess eru til staðar (*a > e*) (Guðrún Þórhallsdóttir, 1997, bls. 43).

Að því er orðmyndun *ijō*-stofna varðar þá sameinast í flokki þeirra ólíkar afleiðslugerðir. Systurviðskeyti *-ijō-* er *-jō-* (t.d. í frn. *\*au-jō-* og *\*nut-jō-* > físl. *ey* og *nyt*) og fer dreifing þessara viðskeyta eftir því hvort þau fara á eftir langri eða stuttri rót; hún er sem sé skilyrt af hinu svokallaða Sieverslög máli á sama hátt og dreifing viðskeytanna *-ija-* (t.d. í frn. *\*hirð-ija-* > físl. *hirðir*) og *-ja-* (t.d. í frn. *\*niþ-ja-* > físl. *niðr* ‘niðji’). Í flokki *ijō*-stofna eru:

(1) orð sem eru mynduð af sagnrótum og hafa (upprunalega) óhlutstæða merkingu, sbr. físl. *hildir* ‘orusta, bardagi’ (< frn. *\*hild-ijō-*; um orðsifjar sjá Lühr 2000, bls. 196),

(2) orð sem eru mynduð af lýsingarorðum, sbr. físl. *festir* ‘band, fjötur’, ft. *festar* ‘hjúskaparsamningur’ (< frn. *\*fast-ijō-*), leitt af *fastr*, og *reyðir* ‘reyðarhvalur, silungsbleikja’ (< *\*rauð-ijō-*), leitt af *rauðr*,

(3) orð sem eru mynduð af nafnorðum og táknuðu (upprunalega) tengsl við það sem grunnorðið merkti, sbr. físl. *ermr* ‘ermi’ (< *\*arm-ijō-* ‘það sem tengist armi’), leitt af *armr*; af þessum toga eru einnig orð sem tákna kvenverur eða -dýr og voru leidd af orðum sem táknuðu tilsvareandi karlverur eða -dýr, sbr. físl. *merr* ‘meri’ (< frn. *\*marh-ijō-*), leitt af *marr* ‘hestur’ (< frn. *\*marha-*) og *ylgr* ‘úlfynja’ (< frg. *\*wulg<sup>(w)</sup>-ijō-* < forgerm. *\*w<sup>l</sup>k<sup>w</sup>-jā-*, kvenkynsmyndun af *\*w<sup>l</sup>k<sup>w</sup>o-* ‘úlfur’, sem við hljóðfirringu breyttist í *\*w<sup>l</sup>po-* > frg. *\*wulfa-*); upprunalegir *ijō*-stofnar eru einnig orðin *mær*, ef. et. *meyjar* (< frn. *\*mau-jō-* < frg. *\*ma(g)w-ijō-* ‘ung stúlka’), leidd af *mogr* ‘drengrur, sonur’ (< frn. *magu-*, sbr. þf. et. **magu**, Kjølevik), og *þír* ‘ambátt’, ef. et. *þýjar* (< frn. *\*þiu-jō-*), leitt af frn. **þewar** ‘þjónn’ (Valsfjord, sbr. viðliðinn *-þér*, *-ðir* í karlanöfnum eins og *Eggþér* og *Hamðir*),

(4) ýmis kvennanöfn eins og físl. *Auðr* og *Gerðr*, ennfremur samsett nöfn sem hafa viðliðina *-ðis*, *-(f)riðr*, *-gerðr*, *-gunnr*, *-hildir*, *-unn(r)*, *-þrúðr* o.fl., sbr. *Þórdís*, *Jófríður*, *Sigríður*, *Ásgerður*, *Þórgunnr*, *Svanhildir*, *Iðunn*, *Sigþrúðr*,

(5) orð sem eru komin af *i*-stofnum, sbr. *brúðr* (< frn. *\*brūði-*) og *vættir*, *véttr*, *vít(t)r* ‘vera, huliðsvera’ (< frn. *\*wihti-*), sem í fleirtölu halda *i*-stofna beygingu sinni, ennfremur

*gunnr*, *guðr* ‘orusta’ (< frn. \**gunþi-*; *ijō*-stofna beyging hefur líklega verið tekin upp vegna áhrifa frá orðinu *hildir*, sbr. Lühr 1982, bls. 408 nmgr. 1) og kvenmannsnafnið *Unnr*, *Uðr* (sem er annars vegar persónugerving ‘elskunnar’, skylt so. *unna*, sbr. viðliðinn *-unn(r)* í samsetningum eins og *Ingunn(r)* og *Pórunn(r)*, hins vegar persónugerving nafnorðsins *unn(u)r* ‘alda, sjór’; um mögulegan tvennan uppruna nafnsins sjá Janzén 1947, bls. 48); ef þessi tvö síðastnefndu orð hefðu verið gamlir *ijō*-stofnar hefðu þau átt að sýna *i*-hljóðvarp; upprunalegur *i*-stofn er sennilega einnig *veiðr* ‘veiði’ (þá < frn. \**waiþi-*, sbr. fe. *wāð* ‘dýraveiði, flakk’, fhþ. *weida* m.a. ‘dýra- og fiskveiðar’ < \**waiþō-*). Hins vegar eru forliðurinn *flóðar-* (sbr. t.d. *flóðar-mál* við hlið *flóðar-mál*) og orðin *flóðr* kvk. ‘flæði, flóð’ og *flóði* kvk. (hk.) ‘flóð, flæðarmál, †haf’ líklega komin af ólíkum fallmyndum *u*-stofns (\**flōðu-*), e.t.v. einnig *flóð* hk. (ef það er ekki komið af \**flōða-*; sjá Ásgeir Bl. Magnússon 1989, bls. 193, 197).

Andstætt *jō*-stofnum sýna *ijō*-stofnar hljóðskipti í viðskeyti sínu. Á frumgermönskum tíma hafði viðskeytið myndbrigðin *-ī* (hvarfstig) í nefnifalli eintölu (sem einnig var notað sem ávarpsfall), en *-ijō-* annars staðar í beygingardæminu. Þessi hljóðskipti eru indóevrópskur arfur, sbr. find. *devī* ‘gyðja’, ef. et. *devyās*, sem leitt er af *deva-* kk. ‘guð’. Nýtt er hins vegar í germönsku að einskorða hljóðskipti kvenkynsviðskeytanna *-jō-* og *-ijō-* við langstofna eða fjölkvæða stofna, sbr. gotn. *haiþi* ‘heiði’, ef. et. *haiþjos*, og *frijondi* ‘vinkona’, ef. et. *frijondjos* (kvk. af *frijonds* ‘vinur’) (um ólíkan uppruna indóevrópskra viðskeyta sem falla saman í germ. *-jō-* og *-ijō-* og endurskipulagningu þeirra í þessu máli sjá Jón Axel Harðarson 2017, bls. 915).

### 4.3 Einkenni *i*-stofna

Þegar breytingar á beygingu *ijō*-stofna verða skoðaðar hér á eftir koma *i*-stofnar við sögu vegna þeirra áhrifa sem þeir höfðu og hér verða því einkenni þeirra einnig tiltekin. Orð af *i*-stofni gátu verið ýmist kvenkyns eða karlkyns. Kvenkenndir *i*-stofnar einkennast af beygingarendingunni *-ar* í eignarfalli eintölu, rétt eins og *ō*-stofnar, og *-ir* í nefnifalli og þolfalli fleirtölu. Af *i*-stofni eru orð eins og *skuld* (nf. et.), *skuldar* (ef. et.), *skuldir* (nf./þf. ft.) og *vón* (nf. et.), *vánar* (ef. et.), *vánir* (nf./þf. ft.) (Noreen, 1923, bls. 270).

Upphaflega höfðu kvenkenndir *i*-stofnar beygingarendinguna *-r* (< frn. \**-iR*) í nefnifalli eintölu líkt og þeir karlkenndu og beygðust sömuleiðis á sama hátt og þeir. Flest kvenkynsorð felldu þó brott *-r* endinguna þegar farið var að líta á hana sem sérkenni karlkynsorða, samanber gnægð karlkenndra *a*-stofna á borð við *armr*, *dvergr*, *heimr* og *úlfr*. Örfá kvenkynsorð héldu eftir *-r* endingunni, þau *brúðr*, *nauðr*, *unnr* (‘alda’), *vætr* og *Urðr*. Af orðunum *brúðr* og *vætr*



er það að segja að þau hafa beygingarendinguna *-i* í þolfalli og þágufalli eintölu, ólíkt öðrum *i*-stofnum, og fylgja þar beygingu *ijō*-stofna.

Hvað fleirtölu kvenkenndra *i*-stofna varðar hafði hún í fornnorrænu lagað sig að beygingu *ō*-stofna (t.d. *gjǫf*, *sǫk*) að því leyti að þolfall hafði sömu endingu og nefnifall. Sömu aðlögun sýna reyndar einnig samhljóðastofnar (t.d. *bók* og *nótt*). Orðin *bón* (*bæn*) og *hurð* beygðust því í nefnifalli og þolfalli fleirtölu *bónir* – *bónir*, *hurðir* – *hurðir*. Upprunalega höfðu kvenkenndir *i*-stofnar sömu beygingu og karlkenndir *i*-stofnar, sem í nefnifalli fleirtölu enda á *-ir* en í þolfalli fleirtölu á *-i*, sbr. *gestir*, *gesti* (Iversen, 1973, bls. 45-46, 52-53, 59).

## 5 Samanburður beygingardæma

Í þessum kafla verður litið á beygingardæmi *ijō*-stofna. Annars vegar verða tekin dæmi úr nokkrum dótturmálum frumgermönsku og þau borin saman við endurgerða beygingu frumgermanskra orðmynda. Hins vegar verða skoðuð dæmi úr vestur- og austurnorrænu og þau borin saman. Auk þess verður fjallað um þróun endingarinnar *-r* í nefnifalli eintölu annarra sérhljóðastofna en *ō*-stofna.

### 5.1 Beygingardæmi *ijō*-stofna í helstu forngermönsku málunum

Til að gera grein fyrir þróun beygingar orða af *ijō*-stofnum er vert að skoða beygingu þeirra í nokkrum af forngermönsku málunum og gera á þeim samanburð. Áður en þangað er haldið verður þó litið á beygingu hreinna *ō*-stofna í því augnamiði að gera grein fyrir almennu beygingarmynstri *ō*-stofna. Það er vegna þess að undirflokkar *ō*-stofna beygjast á sama hátt og hreinir *ō*-stofnar ef frá er talið nefnifall eintölu *ijō*-stofna, sem víkur frá almenna beygingarmynstrinu í gotnesku og norðurgermönsku (Fulk, 2018, bls. 156-157). Í dæmi 1 hér að neðan má sjá beygingu orðsins *gjöf*, sem er af hreinum *ō*-stofni, í gotnesku (*giba*), forníslensku (*gjof*), fornensku (*giefu*) og fornháþýsku (*geba*). Að auki er beyging frumgermönsku endurgerðarinnar, *\*gebō*, höfð til hliðar svo sjá megi hvaða breytingar hafa orðið í málunum fjórum (Jón Axel Harðarson, 2017, bls. 919).

#### Dæmi 1

		<u>gotn.</u>	<u>físl.</u>	<u>fe.</u>	<u>fhþ.</u>	<u>frg.</u>
et.	nf.	<i>giba</i>	<i>gjof</i>	<i>giefu</i>	<i>geba</i>	<i>*gebō</i>
	þf.	<i>giba</i>	<i>gjof</i>	<i>giefe</i>	<i>geba</i>	<i>*gebō<sup>n</sup></i>
	þgf.	<i>gibái</i>	<i>gjof</i>	<i>giefe</i>	<i>gebu</i>	<i>*gebōi</i>
	ef.	<i>gibōs</i>	<i>gjafar</i>	<i>giefe</i>	<i>gebā</i>	<i>*gebōz, -ōz</i>
ft.	nf.	<i>gibōs</i>	<i>gjafar</i>	<i>giefa</i>	<i>gebā</i>	<i>*gebōz</i>
	þf.	<i>gibōs</i>	<i>gjafar</i>	<i>giefa</i>	<i>gebā</i>	<i>*gebōz</i>
	þgf.	<i>gibōm</i>	<i>gjofum</i>	<i>giefum</i>	<i>gebōm</i>	<i>*gebōmaz</i>
	ef.	<i>gibō</i>	<i>gjafa</i>	<i>giefa</i>	<i>gebōno</i>	<i>*gebō<sup>n</sup></i>

Eins og dæmið sýnir þróuðust sérhljóðar í innstöðu á misjafnan hátt í málunum fjórum, en ekki verður farið nánar í það þar sem umfjöllunin hér snýr að endingum orðmynda og samanburði þeirra (á milli beygingardæma). Þegar dæmi 1 er skoðað sést að gotneska varðveitir

best mynstur hinnar sameiginlegu frumtungu þar sem endingarnar víkja minnst frá þeim frumgermönsku.

Næst verður litið á beygingardæmi fyrir *ijō*-stofna (dæmi 2) og er það sett upp fyrir sömu mál og í dæmi 1, það er fyrir gotnesku (*háipi*), forníslensku (*heiðr*), fornensku (*hæþ*) og fornháþýsku (*heida*) (Wright, 1910, bls. 326). Frumgermönsk endurgerð orðsins er *\*haiþiō-* (Ásgeir Bl. Magnússon, 1989), en til samræmingar verður notast við ritháttinn *\*haiþijō-* fyrir frumgermönsku endurgerðina þar sem skriðhljóðið *-j-* er haft með. Beyging orðsins er endurgerð út frá endurgerð á beygingu *ijō*-stofna í frumgermönsku hjá Ringe (2006, bls. 279-280, *\*bandī*).

Í dæmi 2 er gotneska beygingin fengin úr riti Wrights (1910, bls. 91) og sú forníslenska úr riti Noreens (1923, bls. 264). Við uppsetningu á fornensku og fornháþýsku beygingunni er stuðst við beygingarmynstur *ijō*-stofnanna fe. *gierd* og fhþ. *gerta* eins og þau eru hjá Fulk (2018, bls. 156).

#### Dæmi 2

		<u>gotn.</u>	<u>físl.</u>	<u>fe.</u>	<u>fhþ.</u>	<u>frg.</u>
et.	nf.	<i>háipi</i>	<i>heiþr</i>	<i>hæþ</i>	<i>heida</i>	<i>*haiþī</i>
	þf.	<i>háipja</i>	<i>heiþi</i>	<i>hæþe</i>	<i>heida</i>	<i>*haiþijō<sup>n</sup></i>
	þgf.	<i>háipjai</i>	<i>heiþi</i>	<i>hæþe</i>	<i>heidu</i>	<i>*haiþijōi</i>
	ef.	<i>háipjōs</i>	<i>heiþar</i>	<i>hæþe</i>	<i>heidā</i>	<i>*haiþijōz, -ijōz̄</i>
ft.	nf.	<i>háipjōs</i>	<i>heiþar</i>	<i>hæþa</i>	<i>heidā</i>	<i>*haiþijōz</i>
	þf.	<i>háipjōs</i>	<i>heiþar</i>	<i>hæþa</i>	<i>heidā</i>	<i>*haiþijōz</i>
	þgf.	<i>háipjōm</i>	<i>heiþum</i>	<i>hæþum</i>	<i>heidōm</i>	<i>*haiþijōmaz</i>
	ef.	<i>háipjō</i>	<i>heiþa</i>	<i>hæþa</i>	<i>heidōno</i>	<i>*haiþijō<sup>n</sup></i>

Þegar beygingarmynstrin í dæmum 1 og 2 eru borin saman innan hvers máls sést að endingarnar í dæmi 2 eru að mjög litlu leyti frábrugðnar endingunum úr fyrra dæminu, en eins og þegar hefur komið fram beygjast *ijō*-stofnar á sama hátt og hreinir *ō*-stofnar að undanskildu nefnifalli eintölu í gotnesku og norrænu. Hreinir *ō*-stofnar hafa í þessu falli endingarnar gotn. *-a*, físl. *-Ø* (endingarleysi), fe. *-u* og fhþ. *-a*, sbr. dæmi 1. Hins vegar hafa gotneskir *ijō*-stofnar endinguna *-i*, sem endurspeglar frg. *\*-ī*, og þeir forníslensku hafa þar *-r*. Í nefnifalli fornensku kemur að auki fram breytingin *-u > -Ø* (*giefu : hæþ-Ø*), en þar er um að ræða reglulegt brottfall endingar á eftir löngu rótaratkvæði (Fulk, 2018, bls. 157). Í kafla 6.1 verður farið nánar í það

hvernig endingin *-r* hefur getað komið fram í forníslensku en næst verður fjallað um þróun endingar nefnifalls eintölu *ijō*-stofna í austur- og vesturnorrænu.

## 5.2 Þróun beygingar í norrænu málunum

Í dæmi 3 er gefið yfirlit um þróun orðsins *heiði* úr frumnorrænu til vesturnorrænu annars vegar og austurnorrænu hins vegar. Beygingardæmi fyrir austur- og vesturnorrænu eru sett upp eftir Noreen (1923, bls. 264 (*heiþr*), 1904, bls. 303 (*hēþ*)).

### Dæmi 3

		<u>frn.</u>	<u>vnorr. (fisl.)</u>	<u>anorr. (fsæ.)</u>
et.	nf.	<i>haiþi(R?)</i>	<i>heiþr</i>	<i>hēþ</i>
	þf.	<i>haiþijō</i>	<i>heiþe</i>	<i>hēþe</i>
	þgf.	<i>haiþiju</i>	<i>heiþe</i>	<i>hēþe</i>
	ef.	<i>haiþijōR</i>	<i>heiþar</i>	<i>hēþar</i>
ft.	nf.	<i>haiþijōR</i>	<i>heiþar</i>	<i>hēþar</i>
	þf.	<i>haiþijōR</i>	<i>heiþar</i>	<i>hēþar</i>
	þgf.	<i>haiþijōmR</i>	<i>heiþom</i>	<i>hēþom</i>
	ef.	<i>haiþijō</i>	<i>heiþa</i>	<i>hēþa</i>

Óvíst er hvernig þágufallsending eintölu hefur þróast úr frumnorrænu og kemur að minnsta kosti tvennt til greina. Það er annars vegar þróunin *-iju > ī*, sem samsvarar *u*-endingu hreinna *ō*-stofna, og hins vegar, ef miðað er við gotn. *-jai*, að um sé að ræða *-iē > -ē*, sem svo styttist í *-i* við stóra brottfall. Síðar hefur þolfallið líklega tekið upp endingu þágufalls. Hvað varðar þróun eignarfalls eintölu og fleirtölunnar samsvarar hún hreinum *ō*-stofnum (Brøndum-Nielsen, 1935, bls. 86).

Þegar norræna greindist í vestur- og austurnorrænu þróuðust beygingarendingar nefnifalls eintölu ólíkt, vesturnorræna hefur endinguna *-r*, en austurnorræna enga endingu. Því hafði austurnorræna orðmyndir eins og fsæ. *ærm*, *hēþ*, og *mýr*, sem stóðu andspænis myndum með *r*-endingu í vesturnorrænu, sbr. *ermr*, *heiðr* og *mýrr*. Spurning er hvort *ijō*-stofnar eins og *heiði* hafi tekið upp endinguna *-R* þegar á frumnorrænum tíma og hún verið sameiginleg vestur- og austurnorrænu. Engin dæmi eru um endinguna *-r* í orðum eins og *hēþ* í austurnorrænu en í rúnaristum frá víkingatímanum koma kvennanöfn sem enda á *-r* oft fyrir (Noreen, 1904, bls. 303).

Samkvæmt Noreen (1913, bls. 165) virðist ekki vera hægt að skera úr um hvort fsæ. *fæst* (fisl. *festr*) og sambærileg orð endurspegli gömlu nefnifallsmyndina án *-z*, *-R* (eins og í gotnesku) eða hafi með analógískum hætti glatað endingunni *-R*. Endingin *-R* varðveittist þó lengur í austurnorrænu en vesturnorrænu og þó að munur sé á ýmsum mállýskum má almennt segja að hún falli ekki saman við gamalt *r* fyrr en í lok víkingaaldar eða seinna. Í vesturnorrænu virðist þetta samfall hins vegar hafa orðið á seinni hluta 9. aldar (Haukur Þorgeirsson, 2020). Því er rétt að gera ráð fyrir endingunni *-R* (< *-z*) þegar talað er um fornorrænu sem sameiginlegt mál bæði vestur- og austurnorrænu (Noreen, 1913, bls. 146).

Hér gerist ekki þörf á að fjalla sérstaklega um aukaföll eintölu eða fleirtöluna þar sem beyging þeirra er eins í vestur- og austurnorrænu, en þegar nánar er litið á sérhljóð í innstöðu og þau borin saman sést örlítill munur þar á. Þróun sérhljóða var að ýmsu leyti ólík í austur- og vesturnorrænu, til að mynda einhljóðuðust tvíhljóð í austurnorrænu á meðan þau héldust í vesturnorrænu (Wessén, 1994, bls. 32). Því verður frn. *\*-ai-* að löngu *-ē-* í austurnorrænu en *-ei-* í vesturnorrænu og skýrir það muninn á sérhljóðunum. Áður en umfjöllunin beinist að tilkomu endingarinnar *-R* (> *-r*) hjá *ijō*-stofnum verður gefið stuttlegt yfirlit um það hvernig nefnifalls-*r* þróaðist hjá öðrum sérhljóðastofnum svo frekar sé hægt að gera grein fyrir því hjá *ijō*-stofnum.

### 5.3 Endingin *\*-z* > *-R* > *-r* og heimkynni hennar

Í kafla 4 um nafnorðastofna var minnst á stofn- og beygingarendingar annarra sérhljóðastofna en *ō*-stofna og höfðu þeir beygingarendinguna *-R* í frumnorrænu. Frumnorrænt *R*, svo táknað í umritun, hefur líklega verið framgómmeð *r*-hljóð (Krause, 1971, bls. 45, 100), en upphaflega var það raddað [z]. Síðar féll það saman við sveifluhljóðið /r/ og varð *r* í íslensku. Í umritun fyrir orðmyndir úr frumnorrænu er ýmist notast við *-z* eða *-R*, en það fyrrnefnda er heldur notað fyrir eldri frumnorrænu og það seinna fyrir yngra málstig þar sem talið er að þá hafi hljóðið verið orðið líkara sveiflu- en blísturshljóði (Kristján Árnason, 2005, bls. 343-344). Til að gera skýran greinarmun á endurgerð frumgermanskra orðmynda annars vegar og frumnorrænna hins vegar verður í þessari ritgerð notast við *-z* fyrir frumgermönsku og *-R* fyrir frumnorrænu.

Með þetta að leiðarljósi má skoða þróun beygingarendinga hjá *a-*, *i-* og *u-*stofnum. Hægt er að setja hana upp á þessa leið: frg. *\*-az*, *\*-iz*, *\*-uz* > frn. *\*-aR*, *\*-iR*, *\*-uR* (Guðrún Þórhallsdóttir, 1997, bls. 42). Í töflu 1 koma fyrir nokkur orð úr þessum stofnum og sést þar glöggt hvernig *-r* kemur inn í nefnifallsmynd þeirra í forníslensku orðmyndunum. Í dálkinum lengst til hægri má svo sjá orð af hreinum *ō*-stofnum til samanburðar.

	<i>a</i> -stofnar (kk)	<i>i</i> -stofnar	<i>u</i> -stofnar (kk)	<i>ō</i> -stofnar (kvk)
Frumnorræna nf. et.	* <i>armaR</i>	* <i>gastiR</i> (kk) * <i>brūðiR</i> (kvk) * <i>farðiR</i> (kvk)	* <i>sunuR</i> * <i>ferþuR</i>	* <i>manu</i> < * <i>manō</i> * <i>rūnu</i> < * <i>rūnō</i>
Forníslenska nf. et.	<i>armr</i>	<i>gestr</i> <i>brúðr</i> <i>ferð</i>	<i>sonr</i> <i>fjorðr</i>	<i>mōn</i> <i>rún</i>

**Tafla 1.** Þróun nefnifalls eintölu í *a*-, *i*- og *u*-stofnum borin saman við *ō*-stofna. (Sbr. Guðrún Þórhallsdóttir, 1997, bls. 51, Iversen, 1973, bls. 44, Halldór Halldórsson, 1950, bls. 83, Guðrún Kvaran, 2005, bls. 402).

Það er athugavert við kvenkennda *i*-stofna eins og *ferð* að þar er ekki til staðar *r*-ending rétt eins og hjá *ō*-stofnum, en þar sem nefnifall eintölu kvenkenndra *i*-stofna endaði á *-i+r* í frumnorrænu, eins og nefnifall eintölu karlkynsorða, höfðu þau upprunalega *R*-endingu líkt og sést á frumnorrænu orðmyndinni \**farðiR*. Auk þess beygðust kvenkenndir *i*-stofnar á sama máta og karlkenndir (sbr. kafla 4.3). Sú breyting varð þó á að kvenkynsorðin felldu brott endinguna þegar farið var að líta á nefnifalls-*r* sem sérkenni karlkynsorða. Þá eru einnig dæmi um að *i*-stofna kvenkynsorð eins og físl. *burðr* hafi fært sig yfir í flokk karlkynsorða, en það voru aðeins fáein orð sem bæði stóðu áfram í kvenkyni og héldu gömlu *r*-endingunni í nefnifalli. Það voru orðin *brúðr*, *unnr*, *vættir* og *naudr* auk kvenmannsnafnsins *Urðr* (Iversen, 1973 bls. 59).

Þegar þróun nefnifallsendingar *ō*-stofna er skoðuð með hliðsjón af því sem átti sér stað hjá hinum sérhljóðastofnunum sést að hljóðrétt þróun gat ekki leitt til þess að endingin yrði *-r* í forníslensku þar sem frumnorrænt nefnifall *ō*-stofna hafði ekki þá endingu (Guðrún Þórhallsdóttir, 1997, bls. 42). Endingarleysið sem stafar af breytingunni frn. \**-u* > físl. *-Ø* má rekja til stóra brottfalls, sem þegar hefur verið útskýrt. Þrjú undirflokkar *ō*-stofna (hreinn *ō*-stofn, *jō*-stofn og *wō*-stofn) þróuðust á þennan hátt í nefnifalli, það er hljóðrétt sbr. físl. *gjǫf* < frn. \**geþu*, físl. *ey* < frn. \**auju* og físl. *dǫgg* < frn. \**daggwu* (Ásgeir Bl. Magnússon, 1989), þar sem endingin *-u* er fallin brott með tilheyrandi hljóðvarpi eða klofningu á undanfarandi sérhljóði. Hér næst á eftir verður farið í saumana á því hvers vegna *ijō*-stofnar fylgdu ekki sömu þróun og tóku þess í stað upp *-r*.

## 6 Breytingar á beygingu *ijō*-stofna

Við athugun á því ferli, sem átti sér stað við breytingar á beygingu *ijō*-stofna og varð til þess að þeir tóku upp nefnifalls-*r*, verða enn notuð dæmi um orðið *heiði*. Nú þegar er ljóst að físl. *heiðr* er komið af frg. *\*haiþī* og var beyging þess sýnd í dæmi 2, en á leið sinni úr frumgermönsku til forníslensku varð til orðmyndin frn. *\*haiþi*. Spurning er hins vegar hvenær *r*-ending bættist aftan við (sjá hér að neðan). Frumgermanskt *\*haiþ-* varð áfram frn. *\*haiþ-*, en í frumnorraenu þróuðust beygingarendingar *ijō*-stofna á þann hátt sem dæmi 4 sýnir (Haugen, 1982, bls. 90). Dæmið er sett fram eins og það lítur út eftir þróun á frg. *\*-z* > frn. *\*-R* og í samræmi við rithátt almennt í ritgerðinni:

### Dæmi 4

	<u>frg.</u>	<u>frn.</u>		<u>frg.</u>	<u>frn.</u>
et. nf.	<i>*-ī</i>	<i>*-i(-R?)</i>	ft.	<i>*-ijōz</i>	<i>*-ijōR</i>
þf.	<i>*-ijō<sup>n</sup></i>	<i>*-ijō</i>		<i>*-ijōz</i>	<i>*-ijōR</i>
þgf.	<i>*-ijōi</i>	<i>*-iju</i>		<i>*-ijōmaz</i>	<i>*-ijōmR</i>
ef.	<i>*-ijōz</i>	<i>*-ijōR</i>		<i>*-ijō<sup>n</sup></i>	<i>*-ijō<sup>̄</sup></i>

Í nefnifalli eintölu hefur frg. *\*-ī* (án beygingarendingar), sem stóð í hljóðskiptum við *-ijō-* (sjá kafla 4.2), styst og orðið að *-i* í frumnorraenu, sbr. þróunina frg. *-ō* > frn. *-ū* > *-u*, sem svo fellur brott við stóra brottfall. Óvíst er hvort *-R* hefur í frumnorraenu verið bætt aftan við *\*haiþi*, sem við það hefði breyst í *\*haiþiR*, eða hvort *r*-endingin sem vesturnorraena sýnir (*heiðr*) var tekin upp eftir að frn. *\*haiþi* hafði sætt brottfalli og breyst í *\*heið*. Um þetta verður rætt nánar í köflunum sem á eftir fylgja.

### 6.1 Áhrif frá *i*-stofnum

Við athugun á því hvers vegna frumnorraenir *ijō*-stofnar tóku upp *R*-endingu í orðum eins og *\*haiþi(R)* (hafi breytingin orðið á þann veg), sem svo leiddi til físl. *heiðr*, verður aftur vikið að beygingardæmum úr gotnesku og forníslensku með frumnorraenu og frumgermönsku til hliðsjónar og samanburður gerður á þeim (dæmi 5).

Dæmi 5

		<u>frg.</u>	<u>gotn.</u>	<u>frn.</u>	<u>fisl.</u>
et.	nf.	* <i>haiþī</i>	<i>háipī</i>	<i>haiþi(R?)</i>	<i>heiþr</i>
	þf.	* <i>haiþijō<sup>n</sup></i>	<i>háipja</i>	<i>haiþijō</i>	<i>heiþi</i>
	þgf.	* <i>haiþijōi</i>	<i>háipjai</i>	<i>haiþiju</i>	<i>heiþi</i>
	ef.	* <i>haiþijōz</i>	<i>háipjōs</i>	<i>haiþijōR</i>	<i>heiþar</i>
ft.	nf.	* <i>haiþijōz</i>	<i>háipjōs</i>	<i>haiþijōR</i>	<i>heiþar</i>
	þf.	* <i>haiþijōz</i>	<i>háipjōs</i>	<i>haiþijōR</i>	<i>heiþar</i>
	þgf.	* <i>haiþijōmaz</i>	<i>háipjōm</i>	<i>haiþijōmR</i>	<i>heiþum</i>
	ef.	* <i>haiþijō<sup>n</sup></i>	<i>háipjō</i>	<i>haiþijō</i>	<i>heiþa</i>

Þegar beygingardæmið er skoðað sést að í nefnifalli eintölu er um hljóðréttu þróun að ræða í gotnesku, en *-R* hefur hugsanlega bæst við í frumnorrænu. Gera hefði mátt ráð fyrir sömu þróun í frumnorrænu og gotnesku hefðu aðrir þættir ekki haft þar áhrif. Hefði sú þróun orðið og erfst áfram til forníslensku hefði þetta *-i* líklega fallið brott við stóra brottfall og úr orðið myndin \**heið* í nefnifalli eintölu. Þó virðist vera að frumnorræna orðmyndin hafi tekið upp það *-R* sem hér er til skoðunar og varð að fisl. *-r*. Það sem breytist að öðru leyti í forníslensku orðmyndinni miðað við þá gotnesku er að *-i-* fellur brott og frn. \**haiþ-* verður fisl. *heiþ-* og þar með fæst myndin *heiþr* > *heiðr*.

Nú verður litið á það hvernig rekja má breytingu nefnifallsendingar *ijō*-stofna til *i*-stofna, það er hvernig áhrifsbreytingar gætu hafa átt þátt í því að valda breytingunni. Til samanburðar við frn. \**haiþi(R)* verður haft frn. \**brūðiR* (> fisl. *brúðr*), sem svo er talið hafa verið í nefnifalli eintölu (Guðrún Þórhallsdóttir, 1997, bls. 51) og er jafnframt einn þeirra fyrrnefndu *i*-stofna sem í nútímaíslensku hafa enn sína upprunalegu endingu. Áður kom fram að aðrir kvenkenndir *i*-stofnar hafi fellt brott nefnifalls-*r*, en líklega varð það þó ekki fyrr en eftir að áhrifsbreytingarnar höfðu átt sér stað hjá *ijō*-stofnum (Guðrún Þórhallsdóttir, 1997, bls. 51), því að hafi *-r* þegar verið fallið brott er tæplega hægt að áætla að *ijō*-stofnar hefðu tekið það upp út frá þeim fáu orðum sem héldu því eftir. Vikið verður betur að því í kafla 7.

Eins og fram kom í kaflanum um áhrifsbreytingar geta beygingardæmi með sameiginleg einkenni haft áhrif hvert á annað og því er skynsamlegt að byrja á því að skoða slík dæmi fyrir orðin sem hér eru til skoðunar. Í dæmi 6 gefur því að líta beygingu *i*-stofna og *ijō*-stofna og til einföldunar eru forníslenskar myndir notaðar í stað frumnorrænna. Eintölubeygingin er sýnd fyrir orðin *brúðr* og *heiðr*, en í fleirtölubeygingunni hefur orðinu *bæn* verið bætt við til hliðsjónar og verður það skýrt nánar hér að neðan.



### Dæmi 6

		<u><i>i</i>-stofn</u>	<u><i>ijō</i>-stofn</u>		<u><i>i</i>-stofn</u>	<u><i>i</i>-stofn</u>	<u><i>ijō</i>-stofn</u>
et.	nf.	<i>brúðr</i>	<i>heiðr</i>	ft.	<i>brúðir</i>	<i>bænr</i>	<i>heiðar</i>
	þf.	<i>brúði</i>	<i>heiði</i>		<i>brúðir</i>	<i>bænr</i>	<i>heiðar</i>
	þgf.	<i>brúði</i>	<i>heiði</i>		<i>brúðum</i>	<i>bænum</i>	<i>heiðum</i>
	ef.	<i>brúðar</i>	<i>heiðar</i>		<i>brúða</i>	<i>bæna</i>	<i>heiða</i>

Ef horft er framhjá nefnifalli eintölu og sjónum beint að aukaföllunum sést að mynstrið er eins hjá *brúði* og *heiði*. Þar er því komið sameiginlegt einkenni sem getur gefið vísbendingu um það að áhrifsbreytingar hafi átt sér stað á milli stofnanna tveggja. Um eignarfall eintölu *i*-stofna er þó það að segja að í frumnorrænu hafði það ekki sömu endingu og *ō*-stofnar (sjá hér að neðan). Í dæmi 6 er eignarfallsendingin þó sú sama í báðum stofnum og í raun beygist öll eintala orðsins *brúðr* eins og um *ijō*-stofn sé að ræða og er það tilfellið í beygingu sumra *i*-stofna sem héldu sínu nefnifalls-*r*. Hins vegar beygist fleirtala þeirra eins og aðrir *i*-stofnar (Halldór Halldórsson, 1950, bls. 97), en það sést þegar orðin *brúðr* og *bæn* (*i*-stofn) eru borin saman.

Nánar skal litið á beygingarendingu eignarfalls eintölu. Í frumnorrænu höfðu *i*-stofnar þar endinguna *\*-īR* eða *\*-ēR* (< *\*-aiz*) (Haugen, 1982, bls. 90) en ekki *\*-ōR* líkt og *ō*-stofnar höfðu. Þeir tóku þó upp endinguna *\*-ōR* vegna áhrifa frá *u*-stofnum; eftir að *u*-stofnar höfðu fengið endinguna *\*-īR* í nefnifalli fleirtölu, sömu endingu og *i*-stofnar höfðu þar, gat hlutfallsleg áhrifsbreyting átt sér stað á milli stofnanna tveggja. Því gátu *i*-stofnar tekið upp endingu eignarfalls eintölu *u*-stofna, *\*-ōR* (Brøndum-Nielsen, 1935, bls. 65, 94, 127). Þar með voru *i*-stofnar einnig komnir með sömu endingu og *ō*-stofnar í eignarfalli eintölu og því var komið fram sameiginlegt einkenni sem gat leitt til áhrifsbreytinga þeirra á milli. Sé gengið út frá því að *ijō*-stofnar hafi orðið fyrir áhrifum frá *i*-stofnum eftir að ending eignarfalls eintölu var orðin sameiginleg og tekið upp endinguna *-r* í nefnifalli má setja þá breytingu upp í hlutfallsjöfnu sem þessa (dæmi 7):

### Dæmi 7

ef. et. <i>brúðar</i>	:	nf. et. <i>brúðr</i>	
ef. et. <i>heiðar</i>	:	nf. et. X;	X = <i>heiðr</i>

Jafnan sýnir að þar sem eignarfall eintölu hafði sömu endingar hjá hvorum stofni var greið leið fyrir *ijō*-stofna að taka upp nefnifallsendingu *i*-stofna. Því má leiða líkur að því að nefnifalls-*r ijō*-stofna hafi verið til komið á þennan hátt. Þar sem frumnorrænar heimildir um beygingu *ijō*-stofna eru af skornum skammti (Guðrún Þórhallsdóttir, 1997, bls. 51) er þó ekki hægt að staðfesta það með vissu og sú áhrifsbreyting sem hér hefur verið lýst er ekki sú eina sem kemur til greina. Í kafla 7 verður tekið mið af öðrum þáttum sem eru líklegir til að hafa átt þátt í þeirri breytingu sem hér um ræðir.

## 6.2 Endingin *-i* kemur í stað *-r*

Undir lok 13. aldar hófst breyting sem kallast *u*-innskot og stóð hún yfir fram á 15. öld. Hún fólst í því að ef *r* stóð inni í orði á milli samhljóða eða í enda orðs á eftir samhljóði var sérhljóðinu *u* skeytt inn á undan því til að létta á framburði samhljóðaklasa. Þannig verkaði *u* sem stoðhljóð í orðum eins og *fegrð*, *dagr* og *fiskr* sem við þessa breytingu urðu *fegurð*, *dagur* og *fiskur* (Stefán Karlsson, 2000, bls. 27). Þar sem orð eins og *heiðr* og *ermr* og fleiri *ijō*-stofnar höfðu sams konar samhljóðaklasa hefur breytingin einnig átt sér stað í þeim á þessu tímabili og þau því orðið *heiður* og *ermur*.

Í nútímaíslensku hefur nefnifall orða af *ijō*-stofni endinguna *-i*, rétt eins og aukaföll þeirra, til dæmis *heiði*, *ermi* og *mýri*. Breyting á beygingu þeirra átti sér því aftur stað og að þessu sinni hefur orsökinni verið rakin til aukafallanna (Björn K. Þórólfsson, 1925, bls. 17). Þegar eintölubeyging sterkra kvenkynsorða er skoðuð þvert á stofna sést að þar er um sams konar mynstur að ræða. Mynstrið er þá annars vegar á þá leið að nefnifall og þolfall hafa sömu mynd og hins vegar að fyrstu þrjú föllin beygjast eins (dæmi 8) (Iversen, 1973, bls. 52-59):

### Dæmi 8

		<u>hr. <i>ō</i>-st.</u>	<u><i>wō</i>-st.</u>	<u><i>jō</i>-st.</u>	<u><i>i</i>-st.</u>	<u><i>ijō</i>-st.</u>
et.	nf.	<i>mōn</i>	<i>ōr</i>	<i>ey</i>	<i>hurð</i>	<i>heiður</i> → <i>heiði</i>
	þf.	<i>mōn</i>	<i>ōr</i>	<i>ey</i>	<i>hurð</i>	<i>heiði</i>
	þgf.	<i>mōn</i>	<i>ōr(u)</i>	<i>eyju</i>	<i>hurðu</i>	<i>heiði</i>
	ef.	<i>manar</i>	<i>ōrvar</i>	<i>eyjar</i>	<i>hurðar</i>	<i>heiðar</i>

Breytinguna má því útskýra þannig að með fyrirmyndir sem þessar hafi nefnifall eintölu *ijō*-stofna tekið upp *i*-endingu til samræmis við þolfall og þágufall og þannig hafi *heiður* orðið að

*heiði*. Eftir breytinguna hafa því *ijō*-stofnar fylgt sama mynstri og flest önnur sterk kvenkynsorð.

Guðbrandsbiblía, sem prentuð var á Hólum í Hjaltadal og kom út 1584, ber vott um að breyting hafi orðið á beygingu nefnifallsins. Oskar Bandle (1956, bls. 225) tilfærir dæmi um *ijō*-stofna sem hafa tekið upp endinguna *-i* í nefnifalli eintölu, en það eru orðin *byrði*, *fylli* og *heiði* fyrir fisl. *byrðr*, *fyllr* og *heiðr*, sbr. „*stor Byrde* Psalt 38,5“, „*A þeim tíjma mun hans byrde af þijnum herdum j burt teken verda* Es 10,27“, „*fylle hinns Rijka lætur hann ecke sofa* Pred 5,12“ og „*su Heide* Jos 16,1“. Reiknar Bandle með að endingin *-i* hafi verið orðin útbreidd á þessum tíma.

Björn K. Þórólfsson (1925, bls. 81) tilgreinir „Jtem litil talgoxe DI. X, 577“ sem elsta dæmið sem hann hafði þá fundið um breytinguna *-ur* → *-i*, og er það frá 1540. Einnig eru dæmi um að nefnifallsending kvennanafna hafi verið á reiki allt frá því snemma á 14. öld og fram til 16. aldar. Sendibréf frá 14. og 15. öld sýna að nöfn eins og *Guðríður* og (-)*gerður* voru ýmist rituð með eða án *r*-endingar í nefnifalli. Á 16. öld komu kvennanöfn sömuleiðis fram án *r*-endingar, til dæmis *Sigríð*, en líklega eru endingarlausar nefnifallsmyndir sem þessi ekki íslensk málnýjung heldur komnar úr norsku (Björn K. Þórólfsson, 1925, bls. 17-18, 82).

### 6.3 Áhrif frá *īn*-stofnum

Til viðbótar við útskýringar í kafla 6.2 má nefna beygingu veikra kvenkynsorða eins og *elli* (*īn*-stofn), sem mögulega er hægt að tengja við breytinguna sem hér átti sér stað á beygingu *ijō*-stofna. Veikum *īn*-stofnum tilheyra orð eins og *gleði*, *speki* og *elli*, en þau einkennast af því að hafa óhlutstæða merkingu, beygjast eins í öllum föllum og koma yfirleitt ekki fyrir í fleirtölu (Iversen, 1973, bls. 65-66). Eins og flestir hreinir *ō*-stofnar og kvenkenndir rótarstofnar (t.d. *brók*) og *i*-stofnar (*old*), sem höfðu sömu mynd í nefnifalli, þolfalli og þágufalli (Iversen, 1973, bls. 59-60, 68), hafa *īn*-stofnar eins og *elli* haft áhrif á að *ijō*-stofnar tóku upp mynd þolfalls og þágufalls í nefnifalli. Sem dæmi um þessi áhrif *īn*-stofna má nefna að orðið *fylli* (fyrir eldra *fyllr*) hefur alveg lagað sig að beygingu þeirra. Hér hefur óhlutstæð merking orðsins einnig skipt máli (Guðrún Þórhallsdóttir, 1997, bls. 52).

### 6.4 Sérnöfn og samnöfn

Í kjölfar *u*-innskotsins á 13. öld og síðar fóru kvennanöfn, sem beygðust sem *ijō*-stofnar, sömu leið og samnöfn og hlutu endinguna *-ur* í nefnifalli (Halldór Halldórsson, 1950, bls. 94). Sú ending hefur haldist eins og nöfn á borð við *Sigríður*, *Ragnheiður*, *Þorgerður* og fleiri bera

vitni um nú á tímum og þykir ekkert óeðlilegt við það að slík kvennanöfn hafi endinguna *-ur*. Öðru máli gegnir um samsett örnefni, sem hafa til að mynda síðari hlutann *-heiði*, samanber *Lyngdalsheiði* og önnur slík.

Líklegt þykir að þegar *-i* kom í stað *-ur* í nefnifalli *ijō*-stofna hafi örnefni sem höfðu viðliðinn *-heiði* hlotið sömu örlög og samnafnið *heiði* þar sem tengslin þar á milli hafi þótt ljós. Öðru máli hefur gegnt um sérnöfn og hvort sem endingin *-ur* var ráðandi eða ekki um það hvort tiltekið nafn eða orð væri af málfræðilegu karl- eða kvenkyni, hefur það þótt augljóst að sérnafn eins og *Ragnheiður*, sem var kvenmannsnafn, hefur tilheyrt málfræðilegu kvenkyni þrátt fyrir beygingarendingu þess. Enda er til kenning um það, sett fram af Kuryłowicz, að við áhrifsbreytingu geti komið upp sú staða að nýja orðmyndin yfirtaki ekki þá gömlu að fullu, heldur standi sem hliðarmynd, sem þá gegnir aðalhlutverki á meðan gamla orðmyndin varðveitist í aukahlutverki. Aukahlutverkið „sérnafn“, í þessu tilfelli „kvenmannsnafn“, getur því varðveitt eldri myndina *-ur* og staðið þannig við hlið nýju myndarinnar, sem varð útbreidd í samnöfnum. Þess ber einnig að geta að sérnöfn eru yfirleitt íhaldssöm í málinu og hafa því litla tilhneigingu til að taka breytingum (Guðrún Þórhallsdóttir, 1997, bls. 53-54).

## 7 Tímasetning og upptök breytinga

Í þessum kafla ritgerðarinnar og jafnframt þeim síðasta verður frekar reynt að varpa ljósi á það hvenær *ijō*-stofnar gætu hafa tekið upp endinguna *-R* í nefnifalli og hvar upptökin kunna að hafa verið. Líkt og áður kom fram urðu kvenkenndir *i*-stofnar fyrir áhrifum frá beygingu *ijō*-stofna og öfugt. Kvenkenndir *i*-stofnar sýna yfirleitt *u*-hljóðvarp fremur en *i*-hljóðvarp í fornislensku og það gefur til kynna að þeir hafi þegar í frumnorrænu tekið upp *u*-endingu *ō*-stofna í nefnifalli og þolfalli eintölu í stað endinganna *-iR* og *-i* (Johnsen, 2005, bls. 63-64). Þeir tóku því upp *ō*-stofna beygingu nógu snemma til að *u*-hljóðvarp gæti átt sér stað, þ.e. áður en það féll brott í bakstöðu (Fulk, 2018, bls. 162).

Sennilegt er að breyting á nefnifalli eintölu *ijō*-stofna hafi átt upptök sín í kvennanöfnum eins og Johnsen (2005, bls. 63-67) hefur rakið. Líkast til hafa kvennanöfn af *i*-stofnum með seinni viðlið eins og *-dís(s)*, *-gunnr* og *-þrúðr* tekið upp beygingu *ijō*-stofna af merkingarlegum ástæðum fremur en hljóðfræði- eða beygingarlegum. Þau hafa þó haldið endingunni *-R* í nefnifalli eintölu, en að öðru leyti haft beygingu *ijō*-stofna. Kvennanöfn af þessu tagi beygjast sem *ijō*-stofnar í öllum norrænu málunum og bendir það til þess að *i*-stofnarnir hafi snemma lagað sig að beygingu *ijō*-stofna. Vegna gagnkvæmra áhrifa hafa kvennanöfn af *ijō*-stofnum með seinni viðlið á borð við *-hildir*, *-gerðr* og *-(f)ríðr*, sem upprunalega höfðu *-i* endingu í nefnifalli eintölu, tekið upp *R*-endingu *i*-stofna og það hefur gerst á meðan sú ending var enn stöðug hjá *i*-stofnum og sömuleiðis áður en bæði *i* og *u* féllu brott í bakstöðu, því eins og áður sagði sýna *i*-stofnar sem fluttu sig yfir til *ō*-stofna yfirleitt *u*-hljóðvarp frekar en *i*-hljóðvarp. Þá er sennilegt að *ijō*-stofnar hafi tekið upp endinguna *-R* í frumnorrænu eftir að langt *\*-ī* í bakstöðu hafði styst í *\*-i* því að sú stytting er sameiginleg norður- og vesturgermönsku.

Þegar samsett nöfn með áðurnefnda viðliði voru komin með *R*-endingu í nefnifalli eintölu gat sama ending færst yfir á einkvæð kvennanöfn eins og *Frið* og *Gerð*, sem urðu *Friðr* og *Gerðr*. Sams konar breyting átti sér stað í orðum sem táknuðu kvenpersónur- eða dýr, sbr. *\*marhi*, *\*wulgi*, *\*mawi* og *\*þiwi*. Breytingin hefur gerst þegar endingin *-i* var enn til staðar í nefnifalli eintölu þessara orða vegna þess að það voru ekki aðeins langir stofnar (*\*marhi*) sem fengu endinguna heldur einnig stuttir (*\*mawi*) og því hefur breytingin gerst á sama tíma í öllum orðunum. Ef þetta hefði gerst eftir að *-i* féll brott hefðu líklegast aðrir *jō*-stofnar, eins og *Frigg*, *Sif* og *ey*, líka fengið endinguna *-R*. Seinna gat breytingin átt sér stað hjá samnöfnum eða orðum sem ekki táknuðu kvenverur og hefur það líklega gerst eftir að *-i* féll brott því breytingin varð ekki í austurnorrænu (og brottfall *-i* var sameiginlegt öllum norrænu málunum) (Johnsen, 2005, bls. 65-67). Samkvæmt vitnisburði rúnasænsku höfðu kvennanöfn sem höfðu *i*- eða *ijō*-stofn í

viðlið (sbr. físl. *Geirprúðr* og *Sigríður*) R-endingu í austurnorrænu (sbr. Noreen 1904, bls. 303). Hins vegar eru engar heimildir um þessa endingu í samnöfnum eins og fsæ. *hēþ* ‘heiði’. Í slíkum orðum virðist austurnorræna því varðveita eldra ástand, þ.e. endingarleysi í nf. et., en vesturnorræna.

## 8 Lokaorð

Líkt og titill þessarar ritgerðar gefur til kynna hefur í henni verið fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á beygingu orða af *ijō*-stofni. Þá hefur mest farið fyrir umræðu um tilkomu endingarinnar *-r* í nefnifalli eintölu orða eins og *heiðr*, en einnig hefur verið fjallað um síðari breytinguna þar sem endingin *-i* kom í stað *-ur* (< *-r*) og *heiður* varð *heiði*. Til þess að gera grein fyrir þróuninni var farið allt aftur til frumgermönsku og litið á beygingardæmi annarra dótturmála hennar til samanburðar, auk þess sem vesturnorræna var borin saman við austurnorrænu. Með þessu móti fékkst yfirlit um það hvaða breytingum *ijō*-stofnar hafa tekið í þessum tungumálum og hvaða þættir eru þar sameiginlegir annars vegar og frábrigðilegir hins vegar.

Út frá samanburðardæmum, bæði við önnur tungumál og aðra nafnorðastofna, má sjá að endingin *-r* hefur ekki komið inn í nefnifall eintölu *ijō*-stofna á hljóðréttan hátt heldur sem áhrifsbreyting til samræmis við aðra kvenkennda stofna. Ætla mátti að frg. *\*haiþī* hefði leitt til frn. *\*haiþi*, líkt og raunin varð í gotnesku, en ekki til *haiþiR* þar sem frumgermanska myndin hafði ekki beygingarendinguna *\*-R*. Þar er því ekki að finna augljós tengsl svipuð þeim sem koma fyrir hjá öðrum nafnorðastofnum, sem á hljóðréttan hátt hafa fengið *-r* endingu í nefnifalli eintölu, sbr. *\*armaR*, *\*gastiR*, *\*brūðiR*, *\*ferþuR* > *armr*, *gestr*, *brúðr*, *fjörðr*. Svo virðist sem frumnorræna endingin *-R* (> *-r*) hafi verið tekin upp eftir styttingu á löngu *\*-ī* (> *-i*), sem er sameiginleg vestur- og norðurgermönsku.

Talið er sennilegt að endingin hafi fyrst verið tekin upp í kvennanöfnum með viðlið á borð við *-hildir*, *-gerðr* og *-(f)riðr* og þau hafi fengið hana frá kvennanöfnum sem höfðu *i*-stofn sem viðlið eins og *-dís(s)*, *-gunnr* og *-þrúðr*. Sá sameiginlegi þáttur sem hefur þarna getað leitt til áhrifsbreytinga er þá talinn vera merkingarlegur frekar en kerfislegur. Líklegt er að *-r* hafi verið tekið upp í nefnifalli eintölu samheita einhverju síðar eða eftir að *-i* var fallið brott í bakstöðu, því hefði breytingin gerst fyrir hefði mátt búast við henni í austurnorrænu sömuleiðis. Önnur skýring á tilkomu *r*-endingarinnar er sömuleiðis áhrif frá kvenkenndum *i*-stofnum, en þar er orsökinn talin vera sameiginleg ending eignarfalls eintölu *i*- og *ō*-stofna, *-ar* (< *\*-ōR*), sem hefur getað leitt til áhrifsbreytinga.

Hvað breytinguna *-ur* (< *-r*) → *-i* varðar, sem var orðin útbreidd þegar Guðbrandsbiblía var prentuð, er hægt að rekja orsökina til útjöfnunar innan beygingar *ijō*-stofna og áhrifa frá öðrum stofnum. Aðrir undirflokkar *ō*-stofna og veikir *īn*-stofnar höfðu sömu mynd í nefnifalli og þolfalli og *ijō*-stofnar gátu tekið upp það mynstur. Auk þess var nefnifallsending eintölu *-ur* álitin beygingarlegt einkenni karlkynsorða.

Ekki er unnt að segja til um það með fullri vissu með hvaða hætti breytingar á beygingu *ijō*-stofna hafa orðið eða hvort líklegri séu áhrifsbreytingar af beygingarlegum ástæðum eða merkingarlegum. Óvíst er hvort hægt verði að skera úr um það síðar meir þar sem heimildir eru af skornum skammti. Töluvert hefur verið rannsakað í þessum efnum og líkast til verður slíkum rannsóknum haldið áfram og aldrei að vita nema fleiri kenningar um tilurð *r*-endingar *ijō*-stofna líti dagsins ljós.



## Heimildaskrá

- Arlotto, A. (1972). *Introduction to historical linguistics*. Boston: Houghton.
- Ásgeir Bl. Magnússon. (1989). *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Bandle, O. (1956). *Die Sprache der Guðbrandsbiblíá*. Bibliotheca Arnarnagnæana: 17. bindi. Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaard, Hafniæ.
- Björn K. Þórólfsson. (1925). Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr formálinu. Reykjavík. Ljósprentun 1987: Rit um íslenska málfræði 2. Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Brøndum-Nielsen, J. (1935). *Gammeldansk grammatik*. Kaupmannahöfn: J. H. Schultz forlag.
- Campbell, L. (2012). *Historical Linguistics. An Introduction*. 3. útg. Edinborg: Edinburgh University Press.
- Fromkin, V., Rodman, R og Hyams, N. (2014). *An Introduction to Language*. Boston: Wadsworth Cengage Learning.
- Fulk, R. D. (2018). A Comparative Grammar of the Early Germanic Languages. Í Putnam, M. T., Page, B. R. og Smith, L. C. (ritstjórar), *Studies in Germanic Linguistics*: 3. bindi. doi: 10.1075/sigl.3.
- Guðrún Kvaran. (2005). Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. Í Margrét Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Íslensk tunga*: 2. bindi. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Guðrún Þórhallsdóttir. (1996). Um forsögu íslenzkrar tungu. *Erindi um íslenskt mál* (bls. 20-34). Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- Guðrún Þórhallsdóttir. (1997). *ylgr, heiðr, brúðr*: Saga r-endingar nefnifalls eintölu kvenkyns-orða. Í Úlfar Bragason (ritstjóri), *Íslensk málsaga og textafræði* (bls. 41-56). Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals.
- Guðrún Þórhallsdóttir. (2007). The dative singular of ð-stems in Old Norse. Í Nussbaum, A. J. (ritstjóri) *Verba docenti: studies in historical and Indo-European linguistics presented to Jay H. Jasanoff by students, colleagues and friends* (bls. 329-341). Ann Arbor: Beech Stave Press.
- Guðrún Þórhallsdóttir. (2018). Tegundir áhrifsbreytinga, frh. Stoðtexti í námskeiðinu ÍSL320G *Breytingar og tilbrigði við Háskóla Íslands á haustmisseri 2018*.

- Halldór Halldórsson. (1950). *Íslensk málfræði handa æðri skólum*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Haugen, Einar. (1982). *Scandinavian Language Structures. A comparative historical survey*. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Haukur Þorgeirsson. (2020). Runic and Skaldic Evidence of Palatal *r* in West Norse. *Fuþark : International Journal of Runic Studies* 9-10 (í prentun).
- Hreinn Benediktsson. (1964). Upptök íslenzks máls. Í Halldór Halldórsson (ritstjóri), *Þættir um íslenskt mál eftir nokkra íslenska málfræðinga* (bls. 9-28). Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Iversen, R. (1973). *Norrøn grammatikk*. 7. utg., revidert ved E. F. Halvorsen. Osló: Aschehoug.
- Janzén, Assar. (1947). De fornvästnordiska personnamnen. *Personnamn* (útg. Assar Janzén). *Nordisk kultur* VII, bls. 24–186. Stockholm: Bonnier.
- Johnsen, S. (2005). *The Germanic (i)jō-stem declension. Origin and development* (meistararitgerð, Háskólinn í Osló). Sótt af <https://folk.uio.no/sverrej/>.
- Jón Axel Harðarson. (2017). The Morphology of Germanic. Í Jared Klein, Brian Joseph og Matthias Fritz (ritstj.) *Handbook of Comparative and Historical Indo-European Linguistics*. Volume 2 (HSK 41.2) (bls. 913–954). Berlin–Boston: de Gruyter Mouton.
- Jón Axel Harðarson. (2019). Stuttur inngangur að málbreytingum. Stoðtexti í námskeiðinu ÍSL334G *Íslensk málsgaga við Háskóla Íslands haustmisseri 2019*.
- Krause, W. (1968). *Handbuch des Gotischen*. 3., yfirfarin útgáfa. München: Beck
- Krause, W. (1971). *Die Sprache der urnordischen Runeninschriften*. Heidelberg: Winter.
- Kristján Árnason. (2005). Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Meðhöfundur Jörgen Pind. Í Margrét Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Íslensk tunga*: 1. bindi. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Lühr, Rosemarie. 1982. *Studien zur Sprache des Hildebrandliedes*. 1: Herkunft und Sprache, 2: Kommentar. Frankfurt am Main–Bern: Lang.
- Lühr, Rosemarie. 2000. *Die Gedichte des Skalden Egill*. Dettelbach: J. H. Röhl.

- Noreen, A. (1904). *Altnordische grammatik II. Altschwedische grammatik mit einschluss des altgutnischen*. Sammlung kurzer grammatiken germanischer dialekte: 8. bindi. Halle: Niemeyer.
- Noreen, A. (1913). *Geschichte der nordischen Sprachen (besonders in altnordischer Zeit)*, 3. endurunnin útgáfa, Strassburg: Trübner.
- Noreen, A. (1923). *Altnordische grammatik I. Altisländische und altnorwegische grammatik*. Sammlung kurzer grammatiken germanischer dialecte: 4. bindi. Halle: Niemeyer.
- Ringe, Don. (2006). *From Proto-Indo-European to Proto-Germanic*. A linguistic history of English, volume 1. Oxford: Oxford University Press.
- Robinson, O. W. (1992). *Old English and its closest relatives. A survey of the earliest Germanic languages*. Stanford: Stanford University Press.
- Stefán Karlsson. (2000). Tungan. Í Guðvarður Már Gunnlaugsson (ritstjóri) *Stafkrókar* (bls. 19-75). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Wessén, E. (1994). *De nordiska språken*. Nytryck i nordiska språk 9. Stokkhólmur: Akademitryck.
- Wright, J. (1910). *Grammar of the Gothic language, and the Gospel of St. Mark : selections from the other Gospels, and the Second Epistle to Timothy, with notes and glossary*. Oxford: Clarendon Press.